



RÍKISLÖGREGLUSTJÓRINN

ALMANNAVARNADEILD



FUNDUR VÍSINDAMANNARÁÐS ALMANNAVARNA

Dags: 10.03.2015

Kl.: 09:30

Staðsetning: Björgunarmiðstöðin í Skógarhlíð.

Fundarefni: Umbrotin í Bárðarbungu

Fundinn sátu: Vísindamenn frá Veðurstofu Íslands og Jarðvísindastofnun Háskólans, ásamt fulltrúum frá almannavarnadeild ríkislögreglustjóra, Umhverfisstofnun og Embætti Sóttvarnlænis.

Meginefni fundar

- Eldgosið í Holuhrauni

Fundargerð

Niðurstaða fundarins:

- Fjallað var um þær hættur sem enn geta verið vegna atburðanna í Bárðarbungu og við Holuhraun
- Fjölga þarf mælitækjum sem geta numið merki um hættur og efla vöktun á Veðurstofu Íslands verði almenningi veittur aðgangur að svæðinu
- Farið verður í mótvægisáðgerðir til þess að minnka áhættuna á svæðinu og ákvörðun tekin um frekari opnun í framhaldi af því.

Staðan:

- Enn dregur úr jarðskjálftavirkni við Bárðarbungu. Um 80 skjálftar voru staðsettir við öskjubrúnina síðustu vikuna, sá stærsti um 2,5 stig. Stöðug virkni mældist í kvikuganginum, en þar urðu yfir 200 skjálftar, allir minni en tvö stig. Nokkrir djúpir skjálftar urðu suðaustan Bárðarbungu, þar sem kvikugangurinn beygir til norðausturs.
- Jarðskjálftar mældust daglega við Herðubreið og Herðubreiðartögl. Hrina um 20 smáskjálfta mældist norður af Herðubreiðartöglum í gærkvöldi. Mjög fáir skjálftar mælast nú við Tungnafellsjökul.
- Frá Veðurstofu Íslands:** Litakóði fyrir flug er gulur fyrir Bárðarbungu.
- Vísindamannaráð almannavarna mun koma saman til fundar þegar þurfa þykir.